



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Vesturbyggð

Aðalstræti 75
450 Patreksfirði

Vesturbyggð, 22. október 2020

Efni: Grenndarkynning-Balar 9-11

Hér með boðar bæjarstjórn Vesturbyggðar til grenndarkynningar vegna byggingarleyfis við Bala 9-11 á Patreksfirði í samræmi við ákvæði 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning felst í því að nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að tjá sig um breytingar í þegar byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag.

Á 77. fundi skipulags- og umhverfisráðs þann 15.10.2020 var fjallað um erindið þar sem eftirfarandi var bókað:

Tekið fyrir erindi frá Skemman Vatneyri ehf. Erindið er dagsett 9. október 2020. Í erindinu er sótt um lóðir undir tvö parhús við Bala á Patreksfirði. Erindinu fylgja teikningar unnar af MarkStofu dags. 6. október 2020.

Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í erindið og leggur til við bæjarstjórn að úthlutunin verði samþykkt. Um er að ræða svæði sem skilgreint er sem íbúðarsvæði í Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir um leið að grenndarkynnt verði skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrirhuguð úthlutun lóðanna og ný áform um byggingu tveggja parhúsa á einni hæð.

Frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er 4 vikur frá ætlaðri móttöku þessa bréfs, þ.e. til og með 12. nóvember 2020. Litið verður svo á að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir áformunum.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Vesturbyggðar eða í síma 450 2300 á opnunartíma skrifstofunnar, virka daga kl. 10-12.30 og 13-15. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið vesturbyggd@vesturbyggd.is.

Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni. <http://www.vesturbyggd.is>.

Athugasemdum má skila á vesturbyggd@vesturbyggd.is eða í bréfpósti, þá merkt:

**Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Vesturbyggð**

Athugasemdum skal skila inn fyrir 12. nóvember 2020.